

Bóhemíudrottningin

(ung stúlka, frekar skítug og í ræfilslegum og götöttum fatadruslum læðist fram, hún er að horfa á eftir einhverjum, lítur til skiptis á eftir þeim sem fór, og að áhorfendum...)

Hæ. Er hann farinn? Hvernig var hann á svipinn þegar hann gekk út? Ohh já, hann var reiður var það ekki? Fjandinn. Hann er sá skásti af þeim. Hann leyfir mér að reykja og laumar stundum til mín pylsu þegar vel liggur á honum. Ég þarf líka yfirleitt ekkert að gera í staðinn...yfirleitt ekki. Hann spyr mig líka ekkert út í Herrann. Enda veit hann allt um Herrann, hann veit nákvæmlega hvað gerðist, hvað ég gerði, en það vita þeir allir. Hinir vilja bara heyra mig segja það. Þið vitið alveg hvernig karlmenn eru. Þeir fá eitthvað út úr því að sjá saklausar stóreygar stelpur segja frá því hvað þær eru vondar. Þrá að sjá okkur depla augunum eins og dádýr á meðan af vörunum drjúpa dimmar sögur af dónastelpunum sem við erum allar.

Allavega, hann biður mig aldrei að tala um Herrann, eða mig sjálfa. Hann er frá sama þorpi og ég, lengst norður í Bóhemíu. Ég held hann sé bara einmanna, með heimþrá. Vilji bara sitja, og þegja, með einhverjum sem skilur hans rætur.

Herrann var að sunnan. Hann var allt öðruvísi en allir karlmenn sem ég þekkti í Bóhemíu. Hann var myndarlegur, og vel máli farin, og ég hafði aldrei kynnst manni sem talaði um bómenntir og sögu á svona fallegan og ljóðrænan hátt. Ég hef reyndar bara aldrei heyrt karlmann tala um annað en kol, og kynlíf – og það gera þeir á allt annað en ljóðrænan hátt, karlarnir heima í Bóhemíu. Pabbi var fyrsti maðurinn sem ég kynntist, eins og vill oft vera, og hann var nú aldrei málgláður. Hann var farinn út þegar ég vaknaði á morgnanna í æsku, og þegar hann kom heim tók hann þegjandi til matar síns. Eftir matinn sat hann í stólnum sínum og ég nuddaði svartar og lúnar verkamannshendurnar á meðan hann raulaði einhverja lagleysu. Svo strauk hann mér um kollinn og hélt í háttinn. Áður en hann skreið uppí rúm, snéri hann sér við í dyragættinni og sagði við mig lágt, “góða nótt hvolpur”, það var það sem hann kallaði mig, og mér hlýnaði allri að innan. Ég beið allan daginn í kulda og frosti eftir hlýjunni sem fylgdi þessum orðum pabba. (Þögn)

Ég held að við pabbi höfum ekki þurft nein orð. Hvað áttum við svosem að tala um? Okkar hversdagsleiki var jafn svartur og skítugur og hendurnar á pabba. Hversdagurinn og dauðinn sem beið okkar eftir heila ævi af hversdögum, voru staðreyndir sem við hundsuðum. Við töluðum ekki um tíðindalausá sólahringana sem voru liðnir eða biðu framundan. Ef við hefðum gefið tómleikanum gaum þá held ég að það hefði slokknað á okkur pabba. Þessi litla ljóstýra sem lýsti okkur gegnum daginn hefði lognast útaf og skilið okkur eftir ein í myrkrinu. Svo við þögðum bara, og þannig liðu árin í eilífri þögn. Þangað til ég kynntist Herranum. Hann rauf þögnina, og hann rauf fleira. Hann kom eins og loftsteinn inn í líf mitt og hann spurði mig spurninga, hann vildi fá mitt álit á allskonar hlutum sem arkítektúrinn í heilanum á mér réð ekkert við, hvað þá orðaforðinn. En hann spurði mig samt, þó að ég væri heimsk og einföld, hann spurði mig, og ég elskaði það.

Þess vegna var ómögulegt að fara aftur í þögnina. Eftir marga mánuði á fljóta undan þögninni, þá skildi ég ekki hvernig hún fann mig aftur.

Riddarinn á hvíta hestinum sem hafði frelsað mig úr þögninni, sem strauk mér blíðlega um vangann fyrir svefninn, þrátt fyrir að innra með honum ólgaði löngun í eitthvað meira. Þessi sami riddari ruddi sér leið inni mig strax á brúkaupsnóttinni og þar með þagnaði allt aftur. Og sú þögn sem þá fyllti loftið var ekki skyld gömlu þögninni. Nýja þögnin var þrúgandi og hávær þögn og í henni bjuggu þúsund þöglar raddir sem geymdu allt það hræðilegasta í þessum heimi. Herrann, Herrann. Það var bara hann og þögnin, Já Herra. Já Herra, nei Herra....ég meina já Herra. Það var enginn sem strauk mér um kollinn í þessari þögn. Hann benti, ég gerði. Hann kom og ég opnaði fyrir honum, hann sló og ég iðraðist, hann skipaði og ég hlýddi. Hann kastaði bolta og ég hljóp og sótti hann eins og tryggum tókum ber að gera. (leikur hund)

En hundar eru villidýr, þú getur flutt þá inn til þín, gefið þeim nafn, þjálfað þá, kembt þeim, og skipað þeim fyrir, leikið húsbónda. Þú getur jafnvel platað hundinn til að halda að hann sé fágað húsdýr. En svo einn daginn þá uppgötvar hundurinn eðli sitt, villidýrið ryður sér fram og bítur af þér húsbóndaglottið..

Það er hættulegt að treysta villidýri.

(Hún verður vör við eitthvað annarstaðar í rýminu)

Er hann að koma aftur? Hvað er klukkan? Kannski fæ ég pylsu, eða brauðsneið. Kanski gefur hann mér vatn.

(hún horfir í kringum sig, sperrt, spennt, en samt hrædd, bakkar inn í myrkrið)
(Blackout)